

Innviðaráðuneyti,
Sölvhólsstötu 7
101, Reykjavík

Efni; Samráðsgátt, umsögn varðandi drög að reglugerð um umferðamerki og notkun þeirra. Mál nr. 124/2022.

Kynning:

Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi (SSV) reka Áfangastaðastofu og Markaðsstofu Vesturlands undir Áfangastaða- og Markaðssviði samtakanna. Áfangastaðastofa er svæðisbundin þjónustueining á vegum opinberra aðila og einkaaðila sem hefur það meginhlutverk að styðja við ferðapjónustu í viðkomandi landshluta og tryggja að ferðapjónustan þróist í takt við vilja heimamanna þar sem sjálfbærni er höfð að leiðarljósi. Áfangastaðastofa hefur einnig það hlutverk að vera samstarfsvettvangur sveitarfélaga, ríkis og ferðapjónustunnar á sínu starfssvæði. Áfangastaðastofa starfar í umboði sveitarfélaganna á starfssvæði sínu og er með samstarfssamning við Ferðamálastofu sem umboðsaðila fyrir ráðuneyti ferðamála.

Áfangastaðastofa Vesturlands kemur að og vinnur margvísleg verkefni sem snúa að innviðum sem styðja við ferðapjónustu og miða að því að stýra umferð fólks um landið með þeim hætti að ferðalagið sé eins öruggt og kostur er, sé í sátt við samfélagið, lágmarki álag á náttúruna og hámarki jákvæða upplifun notenda.

Áfangastaðastofa Vesturlands hefur m.a. í samstarfi með Áfangastaðastofu Vestfjarða unnið að þróun ferðaleiðarinnar: [Vestfjarðaleiðin](#) (e. The Westfjords Way) sem er ferðaleið um Vestfjarðakjálkann og Dali. Einnig er unnið að gerð fleiri ferðaleiða auk uppbyggingu áningarstaða og útivistarleiða á Vesturlandi í samstarfi við sveitarfélögin og samráði við hagaðila á svæðinu.

Breytingar á reglugerð um umferðamerki

Í þeim drögum að reglugerð sem eru hér til umsagnar er ekkert fjallað um ferðaleiðir eða þeim gerð nein skil. Alltaf er gengið út frá því að umferðamerki, vegvísar og þjónustumerki sem fjallað er um í þessum drögum byggja á og styðji við vegvísun þar sem vísað er á einn ákveðin áfangastað, en ekki gert ráð fyrir að um sé að ræða vegvísun og merkingar sem vísa á og merkja ákveðna leið með mörgum áningastöðum. Rétt er að ítreka að t.d. ferðaleiðir eins og Hringvegurinn (e. Ring Road), Gullni hringurinn (e. Golden Circle), Vestfjarðaleiðin (e. The Westfjords Way) og Demantshringurinn (e. Diamond Circle) eru leiðir sem byggja á mörgum áhugaverðum áningarstöðum og upplifunum en ekki bara á einni leið að einum endanlegum áfangastað. Ferðaleiðir byggja á mörgum áningarstöðum og upplifunum á skilgreindri leið (vegum). Margar þessar leiðir eru uppsettar sem hringleiðir og hafa því ekki skilgreinda upphafs- eða endastað, en þeir eru breytilegir eftir því hvar er lagt af stað í ferðalagið eða komið er inn á ferðaleiðina. Því er mikilvægt að merkja þessar leiðir með sérstöku einkenni til að fólk viti hvenær það er að ferðast eftir slíkri leið. Ferðaleiðir eru skilgreindar og mótast af ferðavenjum, aðgengi að áhugaverðum stöðum/upplifunum, skipulagi vega, áherslum hagaðila sem vilja stuðla að stýringu með öryggi og sjálfbærni svæða að leiðarljósi og markaðssetningu.

Áfangastaðastofur landshlutanna hafa um nokkurt skeið lagt áherslu á að ferðaleiðir verði merktar með brúnum skiltum sem notuð eru víða um heim og reynsla er komin á að nota fyrir ferðaleiðir meðal annars í Evrópu, Bandaríkjunum og Eyjaálfu.

Til að uppfylla þarfir sífellt stækkandi hóps notenda íslenska vegakerfisins, þ.e. erlendra ferðamanna sem ferðast um vegi landsins, ættu merkingar og vegvísanir að vera bæði á íslensku og ensku.

Ferðaleið stýrir umferð á ákveðna vegi og uppfyllir skilyrði 131. gr, I Viðauka, með því að leiðbeina öikumönnum með leiðaval og vísa þeim öruggustu leiðina.

Skilti:

Skilti 728.42, Staðartafla (brún), er skilti sem hægt væri að nota til að afmarka ferðaleiðirnar, Kennimerki ferðaleiðar er þá birt efst á skiltinu og texti um heiti ferðaleiðar og skýring haft undir myndinni. Í reglugerðinni sem hér um ræðir er einungis gert ráð fyrir því að ferðamannastaðir sem uppfylli viðmið Vörðu geti fengið að setja upp brún skilti. Í Vörðuverkefninu er aðeins gert ráð fyrir að vinna með ákveðna ferðamannastaði en algjörlega horft framhjá ferðaleiðum og ljóst að miðað við þau viðmið sem þar eru sett að ferðaleiðir munu aldrei geta uppfyllt öll skilyrði sem sett eru fyrir þátttöku í Vörðu og ættu því skv. þessari reglugerð ekki að geta fengið brún skilti.

Evrópsk fordæmi liggja fyrir notkun brúnu skiltanna fyrir ferðaleiðir, t.d. Wild Atlantic Way sem er ferðaleið á Írlandi notast við útfærslur á brúnum skiltum til að skilgreina sína ferðaleið. Einnig má meðal annars finna útfærslur á notkun brúnna skilta í Bandaríkjunum og Ástralíu. Því má ætla að neytandinn, þ.e. alþjóðlegir ferðamenn, þekki merkingu brúnu skiltanna og brún vegvísun hafi leiðbeinandi gildi sem nái til þeirra.

Tilraunir voru gerðar við merkingu ferðamannaleiðarinnar Arctic Coast Way þar sem leyfi fékkst til að nota brún skilti með kennimerki leiðarinnar að sömu stærð og skilti 760.xx (blá þjónustumerki). Vankantar þessarar útfærslu sem þarna var notuð liggja í því að þessi skilti eru ekki með neinum texta og því voru þessar leiðbeiningar ekki nógu skýrar fyrir ferðamenn. Kennimerkið eitt og sér gaf lítið til kynna þar sem enginn texti fylgdi skiltinu, kennimerkið nýtt og enn óþekkt. Með því að notast við útfærslu á skiltum 728.42 og 728.41 fylgir textaskýring undir kennimerkinu, en það eykur leiðbeiningagildi skiltisins fyrir neytendur.

Áfangastaðastofur og skilgreining á ferðamannaleið:

Áfangastaðastofur landshlutana í nánú samstarfi við viðkomandi sveitarfélög og samráði við Vegagerðina og hagaðila ferðamála á viðkomandi svæði ættu að hafa það hlutverk að skilgreina hvaða vegir séu innan ferðaleiða og þannig hvaða ferðaleiðir ætti að merkja með brúnum upplýsingaskiltum.

Niðurlag:

- Gera þarf grein fyrir ferðaleiðum í reglugerð um umferðarskilti.
- Grunnskilti sem nota má í framkvæmd eru til hjá Vegagerðinni.
- Kennimerki og ferðaleiðir ættu að vera ákvarðaðar af Áfangastofum landshlutanna í nánú samstarfi við sveitarfélög og samráði við hagaðila viðkomandi svæða.
- Skilti sem auðkenna ferðaleið, hafa upplýsingagildi og stuðla að leiðavali sem heimamenn hafa skilgreint sem ákjósanlega leið fyrir ferðamenn með tilliti til upplifunar og öryggis notenda auk samfélagssáttar, þjónustu og sjálfbærni svæða.
- Mikilvægt er að nota bæði íslensku og ensku á skilti sem ætluð eru til upplýsingar fyrir ferðamenn.
- Til eru alþjóðleg fordæmi fyrir notkun brúnna skilta til vegvísunar á ferðaleiðum.

Umsögn þessi er send inn f.h. Áfangastaðastofu og Markaðsstofu Vesturlands

Margrét Björk Björnsdóttir

- sviðsstjóri

Áfangastaða- og Markaðssvið SSV



SAMTÖK SVEITARFÉLAGA Á VESTURLANDI